

Nd.

85. Tillaga

til þingsályktunar um skilning á 5. málsg. 14. gr. laga um varnir gegn berklaveiki, nr. 60, 14. júní 1929.

Flm.: Haraldur Guðmundsson.

Neðri deild Alþingis ályktar, að skilja beri 5. málsg. 14. gr. laga um varnir gegn berklaveiki svo, að jafnan beri að semja fyrirfram fyrir hálf tæða

heilt ár í senn við ljóslækningastofur og sjúkrahús um kostnað allan við dvöl og lækningu styrkhæfra sjúklinga. Við þá samninga er rétt að leggja til grundvallar kostnað á Vífilsstöðum, þar með talin hæfileg húsaleiga fyrir hælið og læknisbústaði, en taka tillit til alls aðstöðumunar, svo sem áhvilandi skulda, verðmunar, einkum á mjólk og rafmagni. Náist ekki samningar á þessum grundvelli, getur ríkisstjórnin tilkynnt hámark daggjalda og annars kostnaðar, en minnst með sex mánaða fyrirvara.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en var þá felld í neðri deild, að því er forseti úrskurðaði, með engu mótaskvæði gegn 12 meðatkvæðum. Þar sem telja má víst, að meiri hluti deildarinnar sé tillögunni samþykkur, þykir sjálfsgagt að flytja hana aftur nú. Í fyrra fylgdi tillögunni ítarleg greinargerð, bréf atvinnuáráðuneytisins og svar Vilmundar Jónssonar læknis á Ísafirði fyrir hönd sjúkrahússnefndarinnar þar. Visast til þessara skjala.